

5. desember 2023

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti



Frumvarp til laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS-kerfið)

Kynning fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Stjórnarráð Íslands

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið



Innleiðing á þremur EES gerðum.

- Reglugerð (ESB) 2023/957 sem breytir reglugerð (ESB) 2015/757
 - vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun frá sjóflutningum
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/958
 - Flugstarfsemi - breyting
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959
 - Staðbundinn iðnaður - breyting
 - Sjóflutningar – nýtt
 - ETS2 – byggingar, vegasamgöngur og smærri iðnaður - nýtt



Tímalína

- Gerðir voru samþykktar hjá ESB sl. vor.
- Viðræður EES/EFTA ríkja við framkvæmdastjórn ESB hófust í lok júní á þessu ári.
- Viðræðum lauk í lok september á þessu ári.
- Vinna við frumvarp hófst í október.
- Samráð stóð yfir frá 31. okt. – 14. nóvember.
- Frumvarp lagt fram á Alþingi 28. nóvember.



Sérlög um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir

- Setning sérlaga mun gera löggjöfina skýrari og aðgreina betur löggjöf sem fjallar um ETS-kerfið.
- Ákvæði og kaflar laga um loftslagsmál sem fjalla um ETS-kerfið færð í frumvarpið. (19 kaflar loftslagslaga felldir brott).
- Skipafélögum bætt við í samræmi við reglur ETS-kerfisins. (Tvær nýjar greinar).
- Vöktunarskylda skv. ETS2 kerfi innleidd með bráðabirgðaákvæði VI.
- Að öðru leyti er verið að samræma og einfalda löggjöf og innleiðingarferli.



Gildistaka

- Áriðandi að löggjöf verði samþykkt með gildistöku 31. desember 2023.
- Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar mun ekki taka gildi fyrr en innleiðingarlöggjöf í EES/EFTA ríkjum tekur gildi.
 - Starfsemi sjóflutninga í ETS-kerfinu tekur gildi 1. janúar 2024.
 - Ákvæði V til bráðabirgða við lög um loftslagmál um takmarkað gildi ETS-kerfisins í flugi rennur út um næstu áramót.
 - Upptaka afleiddra gerða tengd innleiðingu og upptöku EES-gerða frumvarpsins



ETS - Flugstarfsemi

Dregið verður úr úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda til flugrekenda og henni alfarið hætt árið 2026.

Innleiðing CORSIA-kerfis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fer fram í gegnum ETS-kerfið.

Íslensk stjórnvöld sömdu við ESB um aðlögun fyrir Ísland sem felur í sér:

1. Heimild til viðbótarúthlutunar losunarheimilda árin 2025 og 2026 fyrir flugrekendur sem fljúga til og frá Íslandi.
2. Réttur til 100% endurgreiðslu á verðmun á sjálfbæru flugvélaeldsneyti (SAF) og hefðbundnu þotueldsneyti sem er keypt á flugvöllum á Íslandi.
3. Sterkt endurskoðunarákvæði árið 2026.



Ákvæði til bráðabirgða II og III

Ákvæði til bráðabirgða II fjallar um heimild flugrekenda til úthlutunar endurgjaldslausra losunarheimilda árin 2025 og 2026.

- Á grundvelli umsóknar og skilum flugrekenda á kolefnishlutleysisáætlun.

Ákvæði til bráðabirgða III fjallar um heimild flugrekenda til að sækja um úthlutun losunarheimila til ársins 2030 á grundvelli magns sjálfbærs flugvélaeldsneytis sem fyllt er á flugvélar á flugvöllum á Íslandi.

- Ráðherra setur reglugerð um skilyrði umsóknar og tegundir eldsneytis sem uppfylla skilyrði.



ETS – Staðbundinn iðnaður

Breyting á gildissviði þeirra rekstraraðila sem falla undir kerfið, ekki lengur bundið við losun frá starfsemi. Starfsstöðvar geta því fallið undir kerfið, þrátt fyrir litla eða enga losun.

Árangursviðmið verða endurskoðuð fyrir árin 2026 til 2030.

Aðlögun: Tenging úthlutunar losunarheimilda við skyldu um orkuúttekt skv. EED tilskipun sem hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Aðlögun að settar verði sambærilegar innlendar reglur fyrir íslenska rekstraraðila.



Útfærsla í frumvarpi

Í 2. mgr. 1. gr. er fjallað um breytt gildissvið laganna sem er ekki lengur einskorðað við 20MW uppsett afl.

- Stöðvar sem draga úr losun með breytingum á framleiðsluferli geta fallið áfram undir ETS-kerfið í þeim tilgangi að fá losunarheimildir úthlutaðar.

3. mgr. 10. gr. sbr. 4. mgr. 11. gr. Sett verður reglugerð um framkvæmd orkuúttektar. Umhverfisstofnun verður skylt skv. 3. mgr. 10. gr. draga úr úthlutun um 20% til rekstraraðila sem fara ekki eftir tilmælum í orkuúttekt.



ETS – Sjóflutningar

Sjóflutningar (flutninga- og skemmtiferðaskip) munu falla undir ETS-kerfið frá og með 1. janúar 2024. Gildir um skip 5000 bt og stærri. 50% losunar á siglingaleiðum inn og út af EES mun falla undir kerfið og 100% losunar innan EES. Engum losunarheimildum verður úthlutað endurgjaldslaust.

Skipafélög skulu skv. bb.ákvæði IV senda Umhverfisstofnun vöktunaráætlun fyrir 1. apríl 2024.

Skylda skipafyrirtækja til að standa skil á losun sinni verður innleidd í skrefum til 2027.

Listi yfir skipafyrirtæki sem verða undir umsjón Íslands verður birtur í febrúar á næsta ári.



ETS og ETS2 - uppboðsheimildir

Heildar fjöldi losunarheimilda sem boðnar verða upp munu aukast og þar með tekjur vegna ETS. Aukið fjármagn nýtt í sjóði til að fjármagna orkuskipti og aðrar loftslagslausnir. Sem dæmi má nefna Nýsköpunarsjóð ESB, sem íslensk fyrirtæki eins og Carbfix sem hafa fengið úthlutun úr.

Aðlögun: Ísland óbundið varðandi ráðstöfun uppboðstekna.




Takk fyrir áheyrnina!



ETS2 söguleg og framreiknuð losun Íslands

-21%

ESR losun 2021



ETS2 bruni á jarðefnaeldsneyti – byggingar, vegasamgöngur og smærri iðnaður